

0. Lýsigögn tölfraði RSV um erlenda netverslun

0.1 Heiti

Netverslunarvísir RSV – Erlend netverslun

0.2 Efnisflokkur

Erlend netverslun

Netverslunarvísir RSV

0.3 Umsjón; stofnun, deild, sérfræðingur o.s.frv.

Rannsóknasetur verslunarinnar RSV

Klara Símonardóttir, forstöðumaður

Netfang: rsv@rsv.is

0.4 Tilgangur og aðdragandi

Almennt felst starfsemi rannsóknasetursins í að fylgjast með þróun og breytingum er varða verslun og neysluhegðun og koma á framfæri upplýsingum því tengdu til stjórnvalda, fyrirtækja og almennings. Upplýsingar um erlenda netverslun eru mikilvægur þáttur í að greina neysluhegðun einstaklinga. Einnig er upplýsingarnar mikilvægar fyrir verslanir og fyrirtæki í landinu til að meta stöðu sína gangvart erlendu vöruframboði og samkeppni.

0.5 Notendur og notkunarvið

Tölfraði um erlenda netverslun gefur mynd af neysluhegðun einstaklinga og erlendu vöruframboði og samkeppni hverju sinni. Þessar upplýsingar gefa notendum og greinendum yfirlit um umfang innflutnings einstaklings sendinga, að verðmæti minna en viðmiðunar upphæð, frá erlendum netverslunum.

0.6 Heimildir

Mánaðarlegar skýrslur frá tollafgreiðslu Skattsins til Rannsóknasetur verslunarinnar RSV.

Þær innihalda upplýsingar frá innlendum tollmiðlurum, Íslandspósti og þeim fyrirtækjum sem vitað er til að flytji inn einstaklings sendingar frá erlendum netverslunum.

0.7 Lagalegur grundvöllur fyrir hagskýrslugerð

Gagnasöfnunin byggir á samstarfi Skattsins og RSV. Úrvinnsla er á ábyrgð umsjónaraðila.

0.8 Svarbyrði við innsöfnun

Upplýsingum um tollverð, tolla og vörugjöld, upprunaland og fjölda vörulína innfluttra einstaklings sendinga að verðmæti minna en viðmiðunar upphæð hverju sinni (nú 2.000.000 kr.) er skilað mánaðarlega til RSV. Gögnum er skilað með rafrænum hætti og þau vistuð í SQL gagnagrunni á öruggum Sarpi RSV hjá DigitalOcean®.

1. Efni

1.1 Efnislýsing

Gögn úr mánaðarskýrslum tollafgreiðslu Skattsins eru tekin saman og birt sem samtölur. Einnig er birt reiknuð veltuvísitala, netverslunarvísir RSV. Erlend netverslun er sundurliðuð og birt eftir tegundum verslana.

Gögnin eru aðgengileg á mánaðarlegri tíðni frá janúar 2022.

1.2 Aðferðafræði, hugtök og skilgreiningar

Gögnin koma flokkuð með eftirfarandi hætti:

- Tímabil (mánuður og ár)
- Vörulið
- Upprunaland
- Summa tollverðs
- Summa tolla og vörugjalda
- Fjöldi vörulína

Upplýsingar um erlenda netverslun eru fengnar frá tollafgreiðslu Skattsins með ofangreindu niðurbroti. RSV keyrir saman vörulið og vörulýsingar samkvæmt tollskrá og flokkar gögnin í þá flokka sem birt er eftir. Einnig reiknar RSV netverslunarvísir RSV út frá gögnunum. Allar upphæðir eru í milljónum ISK.

Vöruliður. Skilgreining vörunnar sem flutt er inn. Vöruliður er táknaður með fyrstu fjórum stöfum samkvæmt þeirri tollskrá sem í gildi er á hverjum tíma. Tollskrá má nálgast á vefformi [hér](#).

Netverslunarvísir RSV. Veltuvísitala sem sýnir þróun í veltu erlendrar netverslunar frá mánuði til mánaðar. Vísitalan miðast við breytilegt verðlag. Vísitalan er reiknuð mánaðarlega og er viðmiðunartími hennar næstliðinn mánuður. Vísitala febrúarmánaðar t.d., sem birt er í mars, byggir því á vísitölustigi í janúar og veltubreytingum milli janúar og febrúar.

Erlend netverslun. Samanlagt tollverð sendinga, að verðmæti minna en viðmiðunar upphæð hverju sinni (nú 2.000.000 kr.), sem fluttar eru inn á kennitölum einstaklinga eða fyrirtækja sem sérhæfa sig í innflutningi einstaklings sendinga frá erlendum netverslunum.

2. Tími

2.1 Viðmiðunartími talnaefnis

Tölfræði um erlenda netverslun og netverslunarvísir RSV er birt mánaðarlega og er viðmiðunartími birtingarupplýsinga næstliðinn mánuður. Tölfræði um netverslun febrúarmánaðar er birt í mars, marsmánaðar er birt í apríl o.s.frv.

2.2 Vinnslutími

Tölfræði um netverslun fyrir hvern mánuð er jafnan flokkuð og birt fyrir 30. næsta mánaðar.

2.3 Stundvísi birtingar

Birting tölfræði um netverslun er ekki tímasett með birtingaráætlun að svo stöddu heldur er talnaefni birt jafnóðum og vinnslu þess líkur, að jafnaði fyrir 30. næsta mánaðar.

2.4 Tíðni birtinga

Tölfræði um erlenda netverslun og netverslunarvísir RSV eru birt mánaðarlega.

3. Áreiðanleiki og endurskoðun gagna

3.1 Nákvæmni gagna og áreiðanleiki

Tollafgreiðsla Skattsins sendir upplýsingar til RSV mánaðarlega og eru gögnin yfirfarin og frekari upplýsinga óskað sé frávik milli mánaða skoðunarvert. Almennt eru gögn ekki endurskoðuð nema fram komi leiðréttingar frá Skattinum sjálfum.

4. Aðgangur að upplýsingum

4.1 Miðlunarleiðir

- Fréttir, birtar á vef Rannsóknaseturs verslunarinnar
Vefslóð: www.rsv.is
- Rafræn áskrift að fréttatilkynningum
- Talnaefni aðgengilegt í áskrift að innri vef RSV, Sarpi, www.sarpur.rsv.is.

4.2 Grunnöggn; varðveisla og notkunarmöguleikar

Grunngögn eru varðveitt hjá Rannsóknasetri verslunarinnar og eru ekki aðgengileg öðrum en þeim starfsmönnum sem vinna við tölfraði um netverslun.

4.3 Skýrslur

Gerð er grein fyrir þróun erlendar netverslunar með fréttatilkynningum auk þess sem hægt er að hafa aðgang að talnaefni RSV í áskrift eða hafa samband og óska eftir sérvinnslum/skýrslum gegn gjaldi.

4.4 Aðrar upplýsingar

Nánari upplýsingar um tölfraði erlendar netverslunar og netverslunarvísir RSV er hægt að fá með því að senda tölvupóst á rsv@rsv.is.